



Móttökuáætlun Lindaskóla

1. bekkur

Lindaskóli er í samvinnu við leikskólana í skólahverfinu sem hefur það markmið að kynna grunnskólann fyrir elstu börnum leikskólanna og brúa bilið milli leik- og runnskóla. Samstarfið felst í gagnkvæmum heimsóknum í skólana. Í heimsóknum sínum í Lindaskóla kynnast væntanlegir nemendur almennri kennslustund, íþróttatíma og búningsherbergi, samstund, útinámi, mótuneyti, dægradvöl og útivist.

Nemendur sem eru skráðir í 1. bekk koma í heimsókn í skólann að vori. Þeir hitta umsjónarkennara sem verða með þá næsta skólaár og eru í skólanum einn eftirmiðdag.

Nýnemar

Nemandi er skráður í skólann á skrifstofu skólans (skráningarblað er einnig á heimasíðu skólans).

Deildarstjóri tekur á móti nemenda og foreldrum/forráðamönnum. Farið eru yfir upplýsingar er varða nemandann og sérþarfir ef þær eru. Deildarstjóri segir frá skólanum og í lok fundar er farið í skoðunarferð um skólann.

Nemandi hittir væntanlegan umsjónarkennara sem kynnir hann fyrir bekknum. Ef nemandi kemur inn á miðu skólaári er mikilvægt að undirbúa bekkinn vel þannig að nýneminn eigi auðvelt með að koma inn í bekkjarstarfið.

Deildarstjóri lætur alla aðila innan skólans vita af komu nemanda.

Námsráðgjafi tekur alla nýnema í viðtal.

Nýbúar

Nemendur af erlendu bergi brotnir fá sambærilegar móttökur og aðrir nýnemar. Staða nemanda í íslensku er metin og stuðningur við hann í framhaldi af því. Nemandi og foreldrar/forráðamenn eru boðaðir á fund með deildarstjóra, sérkennara og umsjónarkennara þar sem einstaklingsáætlun er kynnt. Nýta skal túlkþjónustu ef þörf krefur.

Nemendur með sérstakar þarfir

Nemendur með sérstakar þarfir fá sambærilegar móttökur. Að auki hittir fagstjóri sérkennslu og umsjónarkennari forráðamenn þar sem farið er ítarlega yfir þarfir nemanda. Við sérstakar aðstæður sitja stjórnendur einnig þann fund. Í framhaldi af upplýsingafundi gera sérkennari og umsjónarkennari áætlun um fyrirkomulag kennslu og aðrar áætlanir er varða nemandann í skólstarfinu.